

# **Námskrá fyrir leiðsögunám**

## **Leiðsöguskóli Íslands**

Námið kallast Leiðsöguskóli Íslands og er undir stjórn Menntaskólans í Kópavogi.

### **Markmið**

Markmið leiðsögunáms eru:

- að veita nemendum menntun er býr þá undir almenn leiðsögustörf innanlands með ferðamenn,
- að veita nemendum sérmenntun á sviði göngu-, fjalla- og klifurleiðsögn auk fleiri sviða eftir þörfum,
- að veita nemendum almenna þekkingu um einstök svæði Íslands, náttúru, sérkenni og sögu.

Við ákvörðun á námsframboði hverju sinni skal leitast við að sinna því námi sem þörf er fyrir.

### **Umsókn um leiðsögunám**

Sérstök umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Leiðsöguskólans. Námið er auglýst í júlí/ágúst og fer innritun og inntaka fram í ágústmánuði. Kennsla hefst í byrjun september og skulu nemendur þá hafa greitt skólagjöld haustannar. Kennsla vorannar hefst að jafnaði viku af janúar og skulu skólagjöld vorannar greidd áður en kennsla hefst. Skólameistari ákveður skólagjöld að höfðu samráði við fagnefnd leiðsögunáms. Skólagjöld eru ekki endurgreidd.

### **Inntökuskilyrði**

Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun og reynsla sem skólinn viðurkennir. Þá þurfa nemendur að ná 21 árs aldri á árinu sem námið hefst. Krafa er gerð um að nemendur hafi auk íslensku gott vald á a.m.k. einu erlendu tungumáli áður en nám hefst og skal það prófað með inntökuprófi.

Inntökupróf fer fram strax að lokinni innritun og skulu allir umsækjendur sanna hæfni sína í einu erlendu tungumáli að eigin vali. Inntökupróf er framkvæmt af tveimur viðurkenndum prófdómurum í tungumálinu skipuðum af skólameistara. Úrskurður prófdómara skal standa. Allir umsækjendur skulu auk þess koma til viðtals í ágústmánuði þar sem leiðsögunámið er kynnt fyrir þeim og þeim gefinn kostur á að gera grein fyrir umsókn sinni. Innritun verður takmörkuð við vissan nemendafjölda á ári. Verði umsækjendur fleiri en skólinn getur annað verða umsóknir metnar út frá inntökuprófi, viðtali og þekkingu umsækjanda á ferðaþjónustu. Inntaka í leiðsögunám er á ábyrgð skólameistara.

## **Skipulag námsins**

Námið er skipulagt sem ársnám sem skiptist í tvær annir haustönn og vorönn. Hvor önn um sig er þó ekki sjálfstæð námseining heldur skal ljúka náminu á tveimur samfelldum önnum. Báðum önnum skal ljúka með námsmati og þurfa nemendur að standast lágmarkskröfur á haustönn í skriflegu og munnlegu prófi og einu erlendu tungumáli til að hefja nám á vorönn. Í lok vorannar hljóta þeir nemendur skírteini sem leiðsögumenn er staðist hafa lágmarkskröfur í skriflegu og munnlegu prófi og einu erlendu tungumáli. Auk þess í leiðsögutækni og skyndihjálp.

## **Námsmat**

### *Skrifleg próf*

Skrifleg próf skulu endurspeglar markmið og innihald kennslunnar og taka á sem flestum mikilvægustu þáttum hennar. Skrifleg próf verði tvisvar á haustönn 3 klukkustundir hvort próf. Á vorönn verða 3 skrifleg próf hvert um sig 3 klukkustundir. Einum aðila er falið að semja skrifleg próf að fengnum tillögum og ábendingum frá fyrirlesurum. Áður en skriflegt próf er lagt fyrir skal það sent einum eða fleiri faglegum ráðgjöfum til yfirlestrar og umsagnar. Skólameistari tilnefnir aðila til að fara yfir og meta prófurlausnir. Nemendum skal gefinn kostur á að sjá prófurlausnir. Í lok hvorrar annar er gefin ein einkunn fyrir skrifleg próf sem er samsett úr niðurstöðum skriflegra prófa á önninni auk skriflegra verkefna og skal nemendum kynnt vægi einstakra þátta í upphafi annar.

### *Munnleg próf*

Munnleg próf eru í lok hvorrar annar. Munnleg próf í stofu skulu metin af kennara og prófdómara í viðkomandi tungumáli. Munnleg próf á vettvangi skulu hljóðrituð í viðurvist tveggja kennara og síðan afhend prófdómara í viðkomandi tungumáli strax að ferð lokinni. Í lok hvorrar annar er gefin ein einkunn fyrir staðreyndir á munnlegu prófi og önnur fyrir tungumálakunnáttu. Standast þarf lágmarkskröfur í einu erlendu tungumáli. Óski nemandi eftir að láta prófa fleiri en eitt erlent tungumál fer fram próf í lok haustannar. Standist nemandi haustannarpróf í því tungumáli fer fram próf í hinu tungumálinu í lok vorannar og er þá gefin sjálfstæð einkunn fyrir hvert erlent tungumál. Nemendur eiga aðeins kost á munnlegum æfingum í einu erlendu tungumáli.

## **Einkunnagjöf**

Einkunnir í leiðsögunámi skulu gefnar í tölustöfum. Gefið skal í heilum og hálfum tölum. Til að standast skrifleg og munnleg próf þurfa nemendur lágmarkseinkunn 7.0.

## **Endurtektarpróf**

Ef fall í einum prófþætti á vorönn kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með próf sem leiðsögumaður er honum heimilt að endurtaka próf í þeim þætti innan tveggja vikna frá birtingu niðurstaðna.

## **Skólasókn**

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Lágmarkstímasókn er 80% og skulu langvarandi og þrálát veikindi staðfest með læknisvottorði. Heimilt er skóla að vísa nemanda frá námi og prófum uppfylli hann ekki lágmarkskröfur um skólasókn.

Þurfi nemandi af óviðráðanlegum ástæðum að dvelja utan kennslustaðar um lengri eða skemmri tíma á námstímanum skal viðkomandi sækja um óreglulega skólavist í upphafi annar. Sé nemanda heimiluð óregluleg skólavist skal hann þó gangast undir lokapróf á sama tíma og aðrir nemendur skólans. Eins getur skólinn krafist þess að óreglulegur nemandi mæti í einstaka verklega þætti á skólatíma. Óreglulegir nemendur greiða fullt skólagjald. Ekki er hægt að stunda námið utanskóla.

## Fagnefnd leiðsögunáms

Við skólann starfar sérstök fagnefnd leiðsögunáms sem í sitja fulltrúi Félags leiðsögumanna, Ferðamálastjóri, fulltrúi Félags íslenskra ferðaskrifstofa, ásamt umsjónarmanni skólans. Skólameistari situr fundi fagnefndar. Fagnefndin hefur það meginhlutverk að koma með hugmyndir og tillögur um nýbreytni og úrbætur hvað varðar kennslu, kennsluefni og áherslur í náminu. Þá stuðli fagnefndin að bættum tengslum milli skólans og atvinnulífs og leggi til hugmyndir að nýjungum í símenntun leiðsögumanna.

## Símenntun - Sérhæfing

Í samráði við Félag leiðsögumanna og fulltrúa atvinnulífs mun skólinn leitast við að bjóða upp á símenntun fyrir starfandi leiðsögumenn. Boðið verði upp á lengri og styttri námskeið um afmörkuð fagleg efni sem þörf er fyrir hverju sinni.

## LEIÐSÖGUNÁM (LN)

**37 einingar**

Náminu er ætlað að búa nemendur undir leiðsögustörf innanlands með ferðamenn.

1. Bókmenntir og listir	BOL 102	2 ein.
2. Tungumálanotkun	TNM 102, 202	4 ein.
3. Ferðaþjónusta	FEP 101	1 ein.
4. Leiðsögutækni	LEI 102	2 ein.
5. Raungreinar		6 ein.
Dýralíf	DÝR 101	
Gróður	GRÓ 101	
Jarðfræði	JAR 123	
Vistfræði	VIS 101	
6. Samfélagsgreinar		13 ein.
Atvinnuvegir	ATV 101	
Íslandssaga	SAG 122	
Svæðalýsingar	SVÆ 109	
Þjóðfélagsmál	ÞJF 101	
7. Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
8. Vettvangsnám og verkefni	VEV 108	8 ein.

## LEIÐSÖGUNÁM/gönguleiðsaga

37 einingar

Markmið námsins er að búa nemendur undir að fara sem leiðsögumenn með ferðamannahópa í gönguferðir um hálendi Íslands að sumarlagi og á lægri fjöll. Nemendur uppfylli eftirfarandi inntökuskilyrði:

1. Nemendur skulu verða 22 ára á því ári sem námið hefst.
2. Hafi lokið haustannarprófi (20 ein.) í almennu leiðsögunámi.
3. Hafa reynslu í fjallaferðum og löngum gönguferðum í þrjú ár samfellt.
4. Hafa farið minnst fjórar fjögurra daga ferðir (eða lengri) þar af minnst eina að vetri með allan farangur og vistir á bakinu.
5. Hafi gengið á minnst tíu 800 m há fjöll (eða hærri) og hafi auk þess gengið á a.m.k. tvo jökla.
6. Kunni mjög vel á áttavita og mismunandi gerðir landakorta.

### Áfangar:

1. Ferðatækni og hópstjórnun	FOH 102	2 ein.
2. Veður- og jöklafræði	VOJ 101	1 ein.
3. Svæðalýsingar	SVÆ 113, 116	9 ein.
4. Skyndihjálp	SKY 201	1 ein.
5. Vettvangsnám og verkefni	VEV 114	4 ein.

## LEIÐSÖGUNÁM/ fjalla- og klifurleiðsaga

37 einingar

Markmið námsins er að búa nemendur undir að fara sem leiðsögumenn með ferðamannahópa í fjalla- og jöklaferðir svo og í fjallaklifur á öllum árstímum hér á landi. Nemendur uppfylli eftirfarandi inntökuskilyrði:

1. Nemendur skulu verða 22 ára á því ári sem námið hefst.
2. Hafi lokið haustannarprófi (20 ein.) í almennu leiðsögunámi.
3. Hafi víðtæka reynslu í fjallaferðum í minnst sex ár samfelld.
4. Hafi farið minnst 5 fjögurra daga ferðir (eða lengri) að vetrarlagi um hálendi Íslands á gönguskíðum eða fjallaskíðum.
5. Hafi gengið á minnst tíu 1000 m há fjöll og önnur sex 1500 m há.
6. Geta leitt af öryggi klettklifur af erfiðleikagráðu 3 (samkv. staðli UIAA) eða meira.
7. Geta leitt af öryggi klifur í snjó og ís af erfiðleikagráðu 3 eða meira.
8. Kunni mjög vel á áttavita og mismunandi gerðir landakorta.

### Áfangar:

1. Ferðatækni og hópstjórnun	FOH 102	2 ein.
2. Veður- og jöklafræði	VOJ 101	1 ein.
3. Svæðalýsingar	SVÆ 113 126	9 ein.
4. Skyndihjálp	SKY 101 201	2 ein.
5. Vettvangsnám og verkefni	VEV 124	4 ein.

## SVÆÐALEIÐSAGA (SV)

16 einingar

Markmið námsins er að útskrifa nemendur með almenna þekkingu um einstök svæði Íslands, náttúru, sérkenni og sögu. Svæðanámskeið í leiðsögu eru haldin á því svæði sem kennt er um hverju sinni. Svæði skulu vera samkvæmt núverandi kjördæmaskiptingu. Svæðisnám er undir stjórn Leiðsöguskóla Íslands sem veitir leiðbeiningar um framkvæmd kennslunnar. Framkvæmdaaðili skal vera skólastofnun. Sækja þarf um heimild til skólans sem jafnframt gefur út skírteini fyrir svæðaleiðsögumenn. Greiða þarf skólanum fast gjald fyrir faglega ráðgjöf og mat á prófum. Inntökupróf og munnleg próf eru framkvæmd á viðkomandi svæði og skulu þau hljóðrituð og send til prófdómara ennfremur skulu drög að skriflegum prófum send til skólans. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um almennt leiðsögunám. Að námi loknu hafa nemendur réttindi til að starfa sem leiðsögumenn á viðkomandi svæði.

1. Ferðapjónusta	FEP 101	1 ein.
2. Tungumálanotkun	TNM 102	2 ein.
3. Leiðsögutækni	LEI 102	2 ein.
4. Raungreinar		3 ein.
Gróður og dýralíf	GOD 101	
Jarðfræði	JAR 122	
5. Samfélagsgreinar		1 ein.
Íslandss./atvinnuv./ þjóðfélagið	ÞÍA 101	
6. Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
7. Svæðalýsingar	SVÆ 135	5 ein.
8. Vettvangsnám og verkefni	VEV 131	1 ein.

## ÁFANGALÝSINGAR

### BÓKMENNTIR OG LISTIR 102

BOL 102

#### Undanfari: Enginn

#### Áfangalýsing

Að áfanga loknum eiga nemendur að geta frætt ferðamenn um eftirfarandi:

- innihald íslenskra fornþókmennta,
- munnlega geymd Eddukvæða og dróttkvæða,
- bókagerð og bókaútgáfu,
- Íslendingasögur, kenningar um tilurð og gildi þeirra fyrir Íslendinga,
- nútímabókmenntir,



- íslenskan heimilisiðnað,
- þróun helstu listgreina sem hér eru stundaðar, s.s. byggingarlist, myndlist, höggmyndalist, silfursmíði, útskurð, tónlist, leiklist, listdans og kvikmyndagerð.

## **FERÐATÆKNI OG HÓPSTJÓRN 102**

**FOH 102**

**Undanfari: SKY 101**

### **Áfangalýsing**

Að áfanga loknum kunni nemendur skil á eftirfarandi atriðum:

- útbúnaði til göngu- og fjallaferða. (Fatnaður, skór svefnpokar, bakpokar, tjöld og prímusar),
- öruggri notkun áttavita, leiðarvali, kortalestri og tímaáætlunum. Auk þess mati á hæfni farþega til gönguferða/fjallaklifurs með tilliti til ferðalengdar og erfiðleikagráðu,
- næringarfræði og samsetningu nestis,
- ofkælingu,
- þverun straumvatna,
- leit, björgun og öryggisbúnaði,
- göngusærindum og álagsmeiðslum,
- léttum göngutryggingum og öryggisbúnaði til jöklagöngu,
- hlutverki leiðsögumannsins, samskiptum hans við hópinn, viðbrögðum við erfiðleikum, skipulagningu og fyrirbyggjandi aðgerðum,

*Æskilegt er að kennari þessa áfanga hafi starfað sem göngu- eða fjallaleiðsögumaður.*

**Undanfari: Enginn****Áfangalýsing**

Að áfanga loknum skulu nemendur þekkja:

- grundvallaratriði úr ferðafræði og þróun ferðaþjónustu í heiminum og á Íslandi,
- ýmis orð og hugtök ferðaþjónustunnar,
- starfsemi Ferðamálaráðs Íslands, bæklingaútgáfu og landkynningu,
- tölulegar upplýsingar um fjölda ferðamanna og skiptingu erlendra ferðamanna eftir þjóðerni.

Nemendum verði kynntar ferðaáætlanir íslenskra ferðaskrifstofa, hvernig ferðir eru þar í boði og hvernig þær eru markaðssettar.

## RAUNGREINAR

### DÝRALÍF 101

### DÝR 101

**Undanfari: Enginn**

#### Áfangalýsing

Að loknum þessum áfanga geti nemendur sagt ferðamönnum frá:

- uppruna íslensku húsdýranna, einkennum þeirra, þróun og notagildi,
- villtum landspendýrum hér á landi,
- sjávarspendýrum hér við land,
- skordýrum og skeldýrum hér á landi.

Nemendur þekki einkenni fuglafánunnar og algengustu fuglategundir sem hér verpa. Nemendur fái þjálfun í notkun handbóka á þessu sviði.

### GRÓÐUR 101

### GRÓ 101

**Undanfari: Enginn**

#### Áfangalýsing

Að loknum þessum áfanga geti nemendur sagt ferðamönnum frá:

- gróðurfari á Íslandi á tertíer, ísöld og við landnám,
- séreinkennum íslensks jarðvegs,
- helstu orsökum og afleiðingum gróðureyðingar eftir landnám,
- hvernig staðið er að landgræðslu og skógrækt á Íslandi.

Nemendur þekki algengustu plöntutegundir hér á landi og fái þjálfun í notkun handbóka á þessu sviði.

### GRÓÐUR OG DÝRALÍF 101

### GOD 101

**Undanfari: Enginn**

#### Áfangalýsing

Að loknum þessum áfanga geti nemendur sagt ferðamönnum frá:

- séreinkennum í gróðurfari á viðkomandi landsvæði,
- helstu orsökum og afleiðingum gróðureyðingar á viðkomandi landsvæði,

- hvernig staðið er að landgræðslu og skógrækt á svæðinu,
- þeim plöntum og stöðum sem friðlýstir eru á viðkomandi landsvæði,
- séreinkennum í dýralífi á viðkomandi landsvæði, bæði hvað snertir húsdýr, villt landspendýr, sjávarspendýr, fugla, skordýr og skeldýr.

Að áfanga loknum þekki nemendur algengustu plöntu- og fuglategundir sem sjá má á ferðamannastöðum á viðkomandi landsvæði. Nemendur fái þjálfun í notkun handbóka á þessu sviði.

## JARÐFRÆÐI 122

JAR 122

**Undanfari: Enginn**

### Áfangalýsing

Að áfanga loknum geti nemendur útskýrt fyrir ferðamönnum:

- flekakeninguna, myndun Atlandshafshryggjarins og tengsl þessa við Ísland,
- nýjustu kenningar jarðfræðinga um helstu náttúrufyrirbæri sem sjá má á ferðamannaleiðum og -stöðum á viðkomandi landsvæði,
- virku eldgosa- og jarðskjálftasvæðin á Íslandi, eldvirkni og orsakir tíðra eldgosa,
- ýmsar gerðir eldfjalla með sérstakri áherslu á jarðfræði viðkomandi landsvæðis,
- jarðhita og nýtingu hans,
- jökla, jöklabúskap og jökulhlaup,
- vatnsafl og virkjun þess,
- steingervinga og holufyllingar.

## JARÐFRÆÐI 123

JAR 123

**Undanfari: Enginn**

### Áfangalýsing

Að áfanga loknum geti nemendur útskýrt fyrir ferðamönnum:

- nýjustu kenningar jarðfræðinga um helstu náttúrufyrirbrigði sem sjást á ferðamannaleiðum og ferðamannastöðum,
- flekakeninguna og myndun Atlantshafshryggjarins og tengsl þessa við Ísland,
- eldvirkni og orsakir tíðra eldgosa,
- virku gossvæðin og jarðskjálftasvæðin,
- ýmsar gerðir eldfjalla,
- heita hvera,
- jarðhita og nýtingu hans hér á landi,
- jökla, jökulrof og jöklabúskap,

- hagnýt jarðefni,
- virkjun vatnsafls,
- steina- og bergfræði þar sem áhersla er lögð á holufyllingar.

## VEÐUR- OG JÖKLAFRÆÐI 101

VOJ 101

### Undanfari: Enginn

#### Áfangalýsing

Að áfanga loknum hafi nemendur fengið kennslu í veður- og jöklafræði með tilliti til ferða um óbyggðir landsins í öllum veðrum. Áhersla skal lögð á eftirfarandi atriði:

- undirstöðuatriði og helstu hugtök í veðurfræði,
- veðurathuganir,
- skýjamyndanir,
- veðurkort og veðurspár,
- áhrif landslags á veður,
- vindkæling,
- mat aðstæðna með tilliti til veðurspár og veðurútlits,
- snjóflóð og þrumuveður,
- veðurfræði með tilliti til ofkælingar,
- algengustu gerðir jökla á Íslandi,
- hegðun jökla og ástand á mismunandi árstímum,
- hvernig skal háttað ferðum á jökla, útbúnaður og hvað ber að varast,
- fræðsla um helstu jökla og val á gönguleiðum.

## VISTFRÆÐI 101

VIS 101

### Undanfari: Enginn

#### Áfangalýsing

Að áfanganum loknum þekki nemendur til:

- umhverfismála og náttúruverndar,
- samskipta manns og náttúru,
- áhrifa ferðamennsku á umhverfið,
- upphafs og þróunar náttúruverndar í heiminum og hér á landi,
- hinna ýmsu flokka friðunar,

- starfsemi Náttúruverndarráðs.

## SAMFÉLAGSGREINAR

ATVINNUVEGIR 101

ATV 101

**Undanfari: Enginn**

### Áfangalýsing

Að áfanganum loknum geti nemendur útskýrt fyrir ferðamönnum þróun helstu atvinnuvega landsmanna, núverandi ástand og horfur. Nemendur fá upplýsingar um helstu viðskiptalönd, skiptingu inn- og útflutnings eftir vörutegundum og skiptingu mannafla eftir atvinnugreinum. Nemendur verði þjálfaðir í notkun handbóka á þessu sviði.

ÍSLANDSSAGA 122

SAG 122

**Undanfari: Enginn**

### Áfangalýsing

Að áfanganum loknum geti nemendur útskýrt fyrir ferðamönnum helstu staðreyndir Íslandssögunnar, þar á meðal:

- elstu heimildir um Ísland,
- kenningar um orsakir víkingaferða,
- landnám Íslands,
- alþingi hið forna,
- þjóðveldi,
- tíund,
- mótun íslenskrar kirkju,
- Ísland undir erlendri stjórn,
- Svarti dauði,
- siðaskipti,
- verslunareinokun,
- einveldi Danakonungs,
- afdrifaríkustu atburðir sjálfstæðisbaráttunnar,
- lýðveldisstofnun,
- stjórn landsins,
- Alþingi,
- stjórn málaflokka á Íslandi,

- staða Íslands í samfélagi þjóðanna.



**Undanfari: Enginn**

**Áfangalýsing**

Að áfanganum loknum geti nemendur frætt ferðamenn um:

- helstu atburði Íslandssögunnar sem gerðust á viðkomandi landsvæði, þróun í atvinnu- og byggðamálum á svæðinu og núverandi ástand og horfur á því sviði,
- skiptingu mannafla eftir atvinnugreinum á svæðinu, helstu útflutningsvörum og atvinnufyrirtækjum,
- tölulegar upplýsingar um mannfjölda, lífsafkomu, skattamál, húsnæðismál, menntamál, heilbrigðismál og samgöngur á viðkomandi landsvæði.

**SVÆÐALÝSINGAR 109**

**SVÆ 109**

**Undanfarar: Raungreinar/samfélagsgreinar/bókmenntir og listir**

**Áfangalýsing**

Að áfanga loknum þekki nemendur helstu ferðamannaleiðir á svæðinu og geti kynnt ferðamönnum áhugaverðustu staðreyndir um helstu ferðamannastaðina s.s. um sögu, atvinnuhætti, jarðfræði, gróður, dýralíf og friðuð svæði. Einnig geti nemendur sagt frá atburðum og sögupersönnum úr Íslendingasögum/fornsögum, þjóðsögum, ævisögum og nútíma skáldsögum sem tengjast staðnum/svæðinu. Nemendur geti sagt frá listamönnum sem tengjast staðnum/svæðinu og kynnt söfn sem þar eru. Nemendum verði kynnt hvernig best er að koma að svæðinu og ferðast um það. Ennfremur verði lögð áhersla á skipulag og tímasetningar.

*Æskilegt er að kennarar hafi starfað sem leiðsögumenn.*

**SVÆÐALÝSINGAR 113**

**SVÆ 113**

**Undanfarar: Raungreinar/samfélagsgreinar/bókmenntir og listir**

**Áfangalýsing**

Að áfanga loknum þekki nemendur helstu akstursleiðir ferðamanna og geti kynnt áhugaverðustu staðreyndir um ferðamannastaði á svæðinu. Nemendur geti sagt frá atburðum úr fornsögum, þjóðsögum og ferðasögum sem tengjast svæðinu. Nemendum verði kynnt helstu söfn á svæðinu og hvernig best er að komast að svæðinu og ferðast um það.

*Æskilegt er að kennari hafi starfað sem leiðsögumaður.*

**SVÆÐALÝSINGAR 116****SVÆ 116****Undanfari: SKY 101****Áfangalýsing**

Að áfanga loknum þekki nemendur helstu gönguleiðir á hinum ýmsu svæðum landsins, byggðum og óbyggðum. Nemendur þekki áhugaverða staði á þeim leiðum, áhugaverðar staðreyndir og eftiminnilega atburði sem þar hafa gerst.

*Æskilegt er að kennarar þessa áfanga hafi starfað sem göngu- eða fjallaleiðsögumenn.*

**SVÆÐALÝSINGAR 126****SVÆ 126****Undanfari: SKY 101****Áfangalýsing**

Að áfanga loknum þekki nemendur helstu klifursvæði landsins, aðkomu, aðstæður og klifurleiðir. Nemendur þekki áhugaverða staði á þeim svæðum/leiðum, áhugaverðar staðreyndir og eftirminnilega atburði sem þar hafa gerst.

*Æskilegt er að kennarar þessa áfanga hafi starfað sem fjallaleiðsögumenn.*

**SVÆÐALÝSINGAR 135****SVÆ 135****Undanfari: Enginn****Áfangalýsing**

Að áfanga loknum þekki nemendur helstu ferðamannaleiðir á viðkomandi landsvæði og geti kynnt ferðamönnum áhugaverðustu staðreyndir um helstu þéttbýlisstaði og ferðamannastaði þar s.s. um sögu og atvinnuhætti. Einnig geti nemendur sagt frá atburðum og sögupersónum úr Íslendingasögum/fornsögum, þjóðsögum, ævisögum og nútíma skáldsögum sem tengjast viðkomandi landsvæði. Nemendur geti sagt frá listamönnum sem tengjast svæðinu og kynnt söfn sem þar eru staðsett. Nemendur verði kynnt hvernig best er að koma að þeim ferðamannastöðum sem heimsóttir eru á svæðinu, hvað þar er áhugavert að sjá og hvernig best er að ferðast um staðinn.

*Æskilegt er að kennarar/leiðbeinendur hafi starfað sem leiðsögumenn.*

**ÞJÓÐFÉLAGSMÁL 101****ÞJF 101****Undanfari: Enginn**

## **Áfangalýsing**

Að áfanganum loknum geti nemendur frætt ferðamenn um helstu tölulegar upplýsingar um þjóðfélagið, s.s. mannfjölda, meðalævilíkur Íslendinga, fólksfjölgun, lífsafkomu, skattamál, húsnæðismál, menntamál og heilbrigðismál. Nemendur verði þjálfaðir í notkun handbóka á þessu sviði.

**LEIÐSÖGUTÆKNI 102**

**LEI 102**

**Undanfarar: Raungreinar/samfélagsgreinar/bókmenntir og listir**

## **Áfangalýsing**

Í áfanganum verði nemendum veittar tæknilegar leiðbeiningar í leiðsögu og megináhersla lögð á eftirfarandi atriði:

- tæknilega framkvæmd leiðsagnar,
- framsögn,
- hópstjórn - hópsálfræði,
- öryggismál ferðamanna,
- áfallahjálp,
- mannleg samskipti,
- samskipti við aðra þjónustuaðila s.s. ferðaskrifstofur, gististaði, bílstjóra, starfsfólk eldhúsbíla, tjaldstæða, þjóðgarða og veitingastaða.

**SKYNDIÐHJÁLP 101**

**SKY 101**

**Undanfari: Enginn**

## **Áfangalýsing**

Að áfanga loknum hafi nemendur fengið bóklega kennslu og verklegar æfingar í almennri skyndihjálp við slasaða og sjúka. Í kennslunni skal tekið sérstakt tillit til þeirra aðstæðna að ferðamenn dvelja oft fjarri byggð þar sem langt er í aðstoð og afskekktir staðir geta lokast vegna skyndilegra vatnavaxta eða eldgosa. Nemendur skulu því búnir undir að geta veitt neyðarhjálp og brugðist við stórslysum og náttúruhamförum.

**SKYNDIÐHJÁLP 201**

**SKY 201**

**Undanfari: Sky 101**

## **Áfangalýsing**

Að áfanga loknum hafi nemendur hlotið upprifjun í grunnatriðum skyndihjálpar auk kennslu í aukinni slyshjálp með tilliti til ferðalaga og útivistar í óbyggðum í öllum veðrum. Leggja skal sérstaka áherslu á eftirtalin atriði:

- ofkælingu (fyrirbyggjandi aðferðir, viðbrögð),
- snjóblindu,
- beinbrot og flutning slasaðra,
- sjúkdóma (einkenni og viðbrögð),
- matareitrun,
- sjúkrakassa,
- sálræna skyndihjálp.

## **TUNGUMÁLANOTKUN 102**

**TMN 102**

### **Undanfari: Enginn**

#### **Áfangalýsing**

Nemendur fá raunhæf verkefni sem þeir æfa sig í að flytja munnlega á erlendum tungumálum. Ekki er um beina tungumálakennslu að ræða, en leiðbeint er um orðanotkun, málfræði og framburð.

## **TUNGUMÁLANOTKUN 202**

**TMN 202**

### **Undanfari: TMN 102**

#### **Áfangalýsing**

Nemendur fá raunhæf verkefni sem þeir æfa sig í að flytja munnlega á erlendum tungumálum. Leiðbeint er um framsetningu á efni. Nemendur fá tækifæri til að æfa notkun hljóðnema og æfa rétta tímasetningu í frásögn. Að loknun þessum áfanga eiga nemendur að geta byggt upp og sett fram heildstæða og markvissa frásögn á erlendu tungumáli.

## **VETTVANGSNÁM OG VERKEFNI 108**

**VEV 108**

### **Undanfarar: Raungreinar/samfélagsgreinar/bókmenntir og listir**

#### **Áfangalýsing**

Í áfanganum fari nemendur í æfingaferðir þar sem þeim gefst kostur á að æfa frásagnir á erlendum tungumálum í hljóðnema þannig að þeir tengi

frásagnur við það sem fyrir augu ber hverju sinni, æfi framsögn í hljóðnema, tímasetningu og framsetningu á efni. Í áfanganum fari nemendur í vettvangsferðir s.s heimsóknir á söfn og/eða í náttúruskoðun.

Í áfanganum læri nemendur undirstöðuatriði í veðurfræði og notkun áttavita. Einnig um klæðnað, nesti og útbúnað í gönguferðir.

Áfanganum lýkur með námsferð umhverfis landið og taki hún ekki skemmri tíma en 5 daga. Nemendur vinna verkefni tengd ferðinni.

*Æskilegt er að kennari hafi starfað sem leiðsögumaður.*

## **VETTVANGSNÁM OG VERKEFNI 114**

**VEV 114**

**Undanfari: SKY 101**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum fari nemendur í æfingaferðir þar sem þeim gefst kostur á að æfa frásagnir á erlendum tungumálum í hljóðnema. Megináhersla skal þó lögð á hina ýmsu verklegu þætti námsins (s.s. áttavitanotkun, val á gönguleiðum, val á vaði, tæknileg atriði o.fl.).

Áfanganum lýkur með fjögurra daga gönguferð. Nemendur vinna verkefni tengd ferðinni.

*Æskilegt er að kennari hafi starfað sem göngu- eða fjallaleiðsögumaður.*

## **VETTVANGSNÁM OG VERKEFNI 124**

**VEV 124**

**Undanfari: SKY 101**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum fari nemendur í æfinga- og kennsluferðir þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Vetra- og jöklaferðir: Undirbúningur og skipulagning fjalla- og jöklaferða á öllum árstímum. Almenn ferðatækni. Ferðaval. Notkun línu. Tryggingar. Bygging snjóhúsa. Klifur í snjó og ís. Björgun úr sprungum. Leit/björgun úr snjóflóði.
2. Bergklifur: Bergfræði. Leiðaval: Klifurtækni. Mat á erfiðleikagráðum. Búnaður. Tryggingar. Sig. Björgun.
3. Skíðaferðir: a) Svígs kíði: Kennsla í beitingu svígs kíða í troðnum brekkum. Skíðatækni. Nemendur verði hæfir til að kenna öðrum. b) Gönguskíði: Búnaður, leiðaval, skipulagning ferða. c) Fjallaskíði: Snjóflóðafræði. Leiðaval. Notkun "pieps"- tækja. Fjallaskíðabúnaður og notkun hans. Fjallaskíðatækni s.s. beiting skíða í miklum bratta og

við mismunandi snjóaðstæður. Björgunartækni. Bygging neyðarsleða og skíðun í línu. Sérstök áhersla lögð á skipulag og tilhögun ferða með tilliti til veðurs, snjólags, færís o.fl.

*Æskilegt er að kennari hafi starfað sem leiðsögumaður.*

## **VETTvangsnám og Verkefni 131**

**VEV 131**

**Undanfari: Enginn**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum fari nemendur í æfingaferðir þar sem þeim gefst kostur á að æfa frásagnir á erlendum tungumálum í hljóðnema þannig að þeir tengi frásagnir við það sem fyrir augu ber hverju sinni, æfi framsögn í hljóðnema, tímasetningu og framsetningu á efni. Í áfanganum fari nemendur í vettvangsferðir s.s. í heimsóknir á söfn og/eða í náttúruskoðun.

Áfanganum lýkur með námsferð um svæðið og taki hún ekki skemmri tíma en 2 daga. Nemendur vinna verkefni tengd ferðinni.

*Æskilegt er að kennari hafi starfað sem leiðsögumaður.*